

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1230/2021 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af kostnaði við hirðingu og umsýslu á 140 l brúntunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og 240 l blátunnu. Grá-, græn- og blátunna eru tæmdar á 42 daga fresti en brúntunna á 21-28 daga fresti. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðarhverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld:	Íbúðarhús:	kr. 43.400
	Auka 240 l blá- eða græntunna:	kr. 46.400

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.

Sorpeyðingargjöld:	Íbúðarhúsnæði	kr. 28.500
	Sumarbústaðir	kr. 28.500
	Atvinnuhúsnæði	kr. 69.700

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gámavalla, afsetningar úrgangs frá gámasvæði, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaður vegna gámavalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. magntölum og skráningu starfsmanns gámasvæðis. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

a. flokkur	kr. 49.800
b. flokkur	kr. 106.200
c. flokkur	kr. 159.000
d. flokkur	kr. 265.000
e. flokkur	kr. 352.200
f. flokkur	kr. 530.200
g. flokkur	kr. 708.000
h. flokkur	kr. 879.200
i. flokkur	kr. 1.062.000

4. gr.

Leiga á sorpillátum.

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirtækja ílát fyrir blá- eða græntunnu. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blá- eða græntunnukara er hirðing þeirra á reglulegum dögum blá- eða græntunnuhirðingar ef starfsemin er á sama hirðingarstað og blá- eða græntunnur við íbúðarhús.

660 l blá- eða græntunnukar: kr. 1.800 á mánuði
1.100 l blá- eða græntunnukar: kr. 3.200 á mánuði

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps 21. október 2021 og af sveitarstjórn Hrunamannahrepps 4. nóvember 2021. Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1418/2020.

Hrunamannahreppi, 3. desember 2021.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2021